

- 21 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Jór-
 14. apríl unnar Einarsdóttur og Hannesar Sigurðssonar, Iðavelli á Látrum í Aðalvík,
 útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 14.
 apríl 1932. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs hjónanna Jórunnar Einarsdóttur og Hannesar Sigurðssonar Iðavelli á Látrum í Aðalvík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Jórunnar Einarsdóttur og Hannesar Sigurðssonar frá Iðavelli í Aðalvík.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 23. sept. 1931 með 500 kr. frá börnum hjónanna og gjöfum nokkurra vina og gullbrúðkaupsgesta í minningu þess að þá voru liðin 50 ár, er hjónin höfðu verið í hjúskap saman. Tekjur sjóðsins eru vextir og vaxtavextir stofnfjárins og annað, er sjóðnum kann að áskotnast.

3. gr.

Peningar sjóðsins skulu geymdir í útbúi Landsbankans Ísafirði meðan ríkið ber ábyrgð á innlögum í bankann, en stjórn sjóðsins skal annast um, að inneign sjóðsins sé þegar látin í Söfnunarsjóð Íslands, ef ríkisábyrgð á innlögum Landsbankans yrði skert eða numin úr gildi, og skal sjóðinn þá ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Oddviti Sléttuhrepps, sóknarpresturinn í Aðalvíkursókn og barnaskólastjórinn að Látrum í Aðalvík. Nú vill einhver þessara manna ekki taka að sér að vera í stjórn sjóðsins eða þeirra er eigi lengur kostur og mælast þá aðrir stjórnarnefndarmenn til við dómsmálaráðherra að hann tilnefni þá er vantar í sjóðstjórnina.

5. gr.

Árið 1981, er öld er liðin síðan gullbrúðkaupshjónin stofnuðu með sér hjúskap, skal verja hálfum ársvöxtum sjóðsins til styrktar fátækum og mun- aðarlausum börnum innan núverandi takmarka Sléttuhrepps, til uppeldis þeirra og menningar til 16 ára aldurs, ef stjórn sjóðsins telur börnin styrkþurfa. Síðan skal árlega, — að svo miklu leyti sem stjórnin telur börn í hreppn-

um styrksþurfa — hálfum vöxtum, sjóðsins varið í sama skyni, unz sjóðurinn 21
er orðinn kr. 250000,00, úr því $\frac{2}{3}$ vaxtanna, en aldrei meir. Þá vexti eða þann 14. apríl
hluta vaxtanna, sem eigi er úthlutað sem styrk, skal leggja við sjóðinn til æfin-
legrar ávöxtunar. Nú er peningaeign sjóðsins orðin hálf miljón króna og getur
stjórn sjóðsins þá ákveðið, að allt að $\frac{3}{5}$ ársvaxtanna skuli varið til stofnunar
og reksturs barnhælis á Látrum í Aðalvík, og skal slíkt barnahæli ávallt vera
undir stjórn sjóðsstjórnarinnar. Forstaða slíks barnahælis skal aðeins fengin
þeim, er tilheyrir hinni evangelísk-lútersku kirkju og leggja skal hina mestu
áherzlu á að efla andlegan siðferðisþroska barnanna og andlega siðfágun þeirra
og líkamsmennt, einkum útiþróttir. Nú hefir sjóðstjórnin samkv. ofangreindu
ákveðið að reisa barnahælið og skal hún þá um alla verkfræðilega framkvæmd
verksins hlíta tillögum húsameistara ríkisins eða ef hans er eigi kostur þá bygg-
ingarsérfræðings þess, er dómsmálaráðherra tilvísar, að fenginni beiðni um
það frá sjóðstjórninni. Leggja skal þá áherzlu á, að barnahælið verði, að
minnsta kosti að öllum veggjum ytri og innri, gólfi og loftum, reist úr mjög
vandaðri og sterkri járnbentri steinsteypu eða öðru jafn varanlegu og jafn ó-
eldfimu efni. Forstöðu og umsjón á byggingarstaðnum með framkvæmd verks-
ins má aðeins hafa sá maður, er fyrrgreindur sérfræðingur í byggingum telur
til þess hæfan. Með byggingarkostnaði má telja rafvirkjun til afnota fyrir
barnahælið, ef rafvirkjunin fer fram undir eftirliti þess sérfræðings, er dóms-
málaráðherra telur til þess hæfan að fengnum tillögum sjóðstjórnarinnar um
virkjunina.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningar sjóðsins skulu ár-
lega endurskoðaðir á sama hátt og reikningar sveitarsjóðs Sléttuhrepps.

7. gr.

Á inneignarbók sjóðsins, sem í gildi er á hverjum tíma, skal ritað:
„Minningarsjóður hjónanna Jórunnar Einarsdóttur og Hannesar Sigurðssonar
frá Iðavelli í Aðalvík, er eigi má skerða nema samkv. skipulagsskrá sjóðsins“.
Sér stjórn sjóðsins um, að jafnan verði slík áritun á innlagabók sjóðsins á
hverjum tíma.

8. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari og má henni
aldrei breyta.